



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Á fundi sínum 8. mars 2017 ályktaði stjórn SSV eftirfarandi um samgöngumál á Vesturlandi:

Samgöngumál á Vesturlandi - Ályktun stjórnar SSV

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á fjárveitingum til vegabóta. Í landshlutanum voru áætlaðar aðeins tvær nýframkvæmdir á árinu 2017, annars vegar áframhaldandi framkvæmdir við veg um Uxahryggi og hins vegar framkvæmdir við veg um Skógarströnd. Samtals voru þetta framkvæmdir fyrir um 450 m.kr.

Á undanförunum árum hefur verið lítið um fjárveitingar til vegabóta á Vesturlandi og ljóst að ekki eru stórar framkvæmdir fyrirhugaðar á allra næstu árum samkvæmt áætlunum Vegagerðarinnar. Því er óásættanlegt að horfa upp á það að þær fjárveitingar sem þó áttu að fara til framkvæmda á Vesturlandi séu skornar af. Gríðarleg umferðaraukning hefur orðið í landshlutanum með fjölgun ferðamanna. Vegur um Skógarströnd og vegur um Uxahryggi eru mjög vinsælar ferðamannaleiðir þar sem þörf fyrir endurbætur eru orðnar mjög brýnar. Mikið hefur verið um óhöpp á þessum leiðum og má benda á að vegur um Skógarströnd var nánast illfær s.l. sumar sem orsakaði fjölda óhappa. Þá mótmælir stjórn SSV þeim niðurskurði sem orðið hefur á fjárveitingum til tengivega. Á Vesturlandi eru 626 km tengivega og framlög til þeirra eru aðeins nokkrar milljónir á árinu 2017 og hafa flestar framkvæmdir við tengivegi verið skornar niður.

Vestlendingar hafa lagt mikla vinnu í að búa til sameiginlega samgönguáætlun fyrir landshlutann. Í gegnum þá vinnu hafa sveitarfélögin náð að stilla saman strengi og sameinast um forgangsröðun framkvæmda. Vegir um Uxahryggi og Skógarströnd voru meðal þeirra verkefna sem sett voru í forgang og sátt ríkti um mikilvægi þeirra framkvæmda.

Stjórn SSV hefur skilning á því að fjármagn til samgöngumála sé takmarkað og leita þurfi nýrra leiða til að fjármagna nauðsynlegar samgöngubætur. Það er hins vegar ólíðandi að allar framkvæmdir á Vesturlandi séu skornar niður. Því leggjum við á það ríka áherslu að ákvörðun um niðurskurð framkvæmda á Vesturlandi verði endurskoðuð og fjármagni verði veitt til nýframkvæmda við vegi á Vesturlandi.

f.h. stjórnar SSV

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV